

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir nr. 477
27. október 1988, með síðari breytingum.

1. gr.

20. gr. orðist svo:

Af heildarsölu hvernar getraunaviku skal 40% varið til vinninga. Þar af skulu 2% heildarsölunnar lögð í sérstakan sjóð sem leggst við heildarupphæð vinninga samkvæmt ákvörðun stjórnar Íslenskra getrauna. Ákvörðun um það í hvaða getraunaviku sjóður þessi verður notaður skal auglýsa a.m.k. einni viku áður en sú getraunavika hefst.

Heildarupphæð vinninga hvernar getraunaviku skiptist síðan í 3 hluta þannig að 50% skiptist milli þeirra raða sem hafa 12 réttar ágiskanir en 25% til þeirra sem hafa 11 réttar ágiskanir og 25% til þeirra sem hafa 10 réttar ágiskanir.

Sé ein röð með 12 réttar ágiskanir rennur öll upphæðin í 1. vinningsflokki til hennar en séu fleiri raðir með 12 réttar ágiskanir skiptist vinningsupphæðin jafnt milli þeirra. Í 2. og 3. vinningsflokki skiptist vinningsupphæðin jafnt milli þeirra raða sem hafa jafnmargar ágiskanir réttar.

Hafi engin röð 12 réttar ágiskanir leggst vinningsupphæð 1. vinningsflokks við 1. vinningsflokk næstu leikviku á eftir. Hafi engin röð 11 réttar ágiskanir flyst 2. vinningsflokkur á 10 réttar og 3. vinningsflokkur á 9 réttar og síðan koll af kalli.

Ef vinningsupphæð í 2. eða 3. vinningsflokki reynist vera undir kr. 200 færist sá vinningsflokkur í næsta vinningsflokk þar fyrir ofan.

Allir vinningar skulu lækka þannig að þeir standi á heilli krónu. Mismunur sem þannig myndast skal leggjast við heildarupphæð vinninga næstu leikviku á eftir.

2. gr.

1. málsgrein 21. greinar orðist svo:

Þegar úrslit kappleikja getraunavikunnar liggja fyrir skal réttri vinningsröð slegið inn í tölvukerfið. Það sýnir fjölda vinningsraða og upphæðir í 1., 2. og 3. vinningsflokki.

3. gr.

2. mgr. 6. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 258/1989, er felld úr gildi.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um getraunir nr. 59/29. maí 1972 með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. ágúst 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Jón Thors.